



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Júní 2024

Ágæti nýnemi í MK

Það er mér sönn ánægja að taka á móti þér í Menntaskólann í Kópavogi haustið 2024. Framundan bíður þín skemmtilegur tími í MK og við hlökkum til að kynnast þér.

Móttaka nýnema verður **fimmtudaginn 15. ágúst kl. 10:00-12:00** í Sunnusal, gengið inn frá Digralesvegi. Í MK eru allir nemendur með eigin fartölvur og við biðjum þig að mæta með þína fartölvu á kynninguna. Nemendur hitta umsjónarkennara sína og fá notendanafn og lykilorð ásamt kennslu á tölvukerfi og námsumhverfi. **Mikilvægt að nemandi hafi rafræn skilríki.**

Forráðamönnum nýnema er boðið til kynningarfundar **þriðjudaginn 27. ágúst klukkan 17:00** í Sunnusal Menntaskólans í Kópavogi, gengið inn frá Digralesvegi.

Kennsla hefst mánudaginn 19. ágúst skv. stundatöflu. Allar frekari upplýsingar eru á heimasíðu skólans, www.mk.is.

Norsku- og sænskukennsla fyrir framhaldsskólanemendur á höfuðborgarsvæðinu fer fram í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Nemendur sem mega læra norsku eða sænsku í stað dönsku skrá sig sjálfir á heimasíðu MH fyrir lok dags **16. ágúst**.

Nýnemaferð verður farin 28. ágúst sem mun taka allan daginn. Nýnemaball verður svo 29. ágúst. Við hvetjum alla nýnema til að mæta á þessa viðburði en þeir eru gott upphaf á félagsstarfi vetrarins. Farið verður nánar yfir dagskrá ferðarinnar á kynningafundinum þann 15. ágúst og á fundi með forráðamönnum þann 27. ágúst.

Ég hlakka til að sjá þig í haust,


Guðrúnur Hrunn Helgadóttir
skólameistari

Til að staðfesta skólavist þarft þú að ganga frá greiðslu skólagjalda. Krafan mun birtast í heimabanka forráðamanna á næstu dögum. Gjaldþagi er 1. ágúst og eindagi 8. ágúst. Skólagjöld verða ekki endurgreidd eftir 23. ágúst og innritunargjald fæst ekki endurgreitt. Ef krafan er ekki greidd fyrir eindaga lítum við svo á að þú þiggir ekki skólavist hjá okkur og afskráum þig úr Innu.